

Nd.

259. Frumvarp til laga

[89. mál]

um sauðfjárbaðanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni sauðfjár ber skylda til að láta fram fara rækilega böðun, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, á öllu því sauðfé, sem hann hefur undir höndum, þar með talið fóðrafé tekið af öðrum og fé, sem heimtist eftir böðun.

Lögskipaðar baðanir skulu fara fram annan hvern vetur, í fyrsta skipti veturinn 1960—1961, á tímabilinu frá 15. okt. til 15. febrúar.

Skulu sauðfjáreigendur eða umráðendur hafa nothæf tæki eða aðstöðu til böðunar eða greiða þann kostnað, er af útvegum tækjanna leiðir. Þeir skulu einnig sjá fyrir hæfum vinnukrafti, svo að böðun geti að dómi baðstjóra gengið greiðlega og þannig, að viðhlítandi sé.

2. gr.

Ef fjárkláða verður vart eða mikilla annarra óþrifa í sauðfé, er landbúnaðarráðherra heimilt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, að fyrirskipa, að sauðfé skuli skoðað og baðað árlega eða oftar á stærri eða minni landssvæðum, eftir því sem nauðsyn krefur.

3. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera eftirlitsmenn með sauðfjársböðunum í þeim héraðum, þar sem þeir eru búsettir, að svo miklu leyti sem þeir geta annazt slíkt eftirlit að dómi landbúnaðarráðherra.

Annars staðar skipar landbúnaðarráðherra eftirlitsmenn með sauðfjársböðun, einn í hverju sýslu- eða bæjarfélagi, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og sýslunefndar eða bæjarstjórnar. Skal skipa eftirlitsmenn til fjögurra ára í senn. Eftirlitsmenn skulu annast undirbúning böðunar hver í sínu umdæmi. Þeir skulu hlutast til um, að verzlaniir hafi næg baðlyf, leiðbeina baðstjórum og annast skýrsluhald varðandi sauðfjársböðun. Þá skulu þeir einnig í samráði við baðstjóra ákveða, hvenær baða skuli í hverjum hreppi innan þess takmarks, sem ákveðið er í 1. gr., og tilkynna það sauðfjáreigendum.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við hreppsnefndir útnefna baðstjóra, einn eða fleiri í hverjum hreppi, eftir því sem nauðsyn krefur. Í bæjum ráða eftirlitsmenn baðstjóra eftir þörfum í samráði við bæjarstjórn. Baðstjórar skulu skipuleggja böðunarframkvæmdir, hver á sínu svæði, vera viðstaddir böðun, hafa gát á því að þeir, sem að böðun starfa, fylgi settum reglum, og fylgjast vel með því, hvort óþrifa verði vart í fénu.

Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan hverrar sýslu eða bæjarfélags greið-